

Umsókn um aflamark Byggðastofnununar

Á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016 (<https://island.is/reglugerdir/nr/0643-2016>) auglýsir Byggðastofnun eftir samstarfsaðilum um nýtingu viðbótarafilaheimilda.

Umsóknarfrestur rennur út kl. 12:00 föstudaginn 14. mars 2025.

Umsækjendum er bent á að textarammar eru takmarkaði við 5.000 orð og þarf því texti að vera settur fram á skýran og skilmerkilegan hátt. Telji umsækjandi textamma ekki nægja er viðkomandi bent á að hægt er að tengja viðhengi í boxin neðst á síðunni.

Fylla þarf út öll box að öðrum kosti getur innsending misfarist. Umsækjandi fær skilaboð hafi umsókn skilað sér.

Upplýsingar um mál

Málsnúmer:

2503049

Móttekið:

13.3.2025 21:12:23

Staður

Magn afileimilda er með fyrirvara um úthlutun matvælaráðuneytisins til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

Staður sem sótt er um


Flateyri í Ísafjarðarbæ

Umsóknaraðili

Nafn

Vestfiskur Flateyri ehf.

Kennitala

6312194700 

Netfang

anton@vestfiskur.is

Tengiliður umsóknar

Nafn tengiliðar

Anton Helgi Guðjónsson

Kennitala tengiliðar

1712933599

Netfang tegniliðar

anton@vestfiskur.is

Sími tengiliðar

8453151

Samstarfsaðilar

Liggja þarf fyrir staðfesting allra samstarfsaðila/ forsvarsaðila sem koma að umsókn um Aflamark Byggðastofnunar á viðkomandi stað. Koma þarf fram staður sem sótt er um, nafn, kennitölu, heimilisfang fyrirtækis ásamt nafni, símanúmeri og

netfangi hvers forsvarsaðila fyrirtækis. Að lokum þarf viðkomandi að skrifa undir sem staðfestingu á aðild verkefnisins. Listann skal síðan hengja við sem viðhengi við umsókn í umsóknargátt. Með undirskrift heimila allir aðilar að Byggðastofnun afli þeirra gagna sem nauðsynlegt er til að sannreyna þær upplýsingar sem eru í umsókn auk þess sem heimiluð er uppfletting í CreditInfo á fjárhags-/lánsþæfingum félags og forsvarsaðila.

Nafn samstarfsaðila 1

Klofningur ehf.

Netfang samstarfsaðila 1

gudni@kl.is

Nafn samstarfsaðila 2

Fiskvinnslan Íslandssaga hf.

Netfang samstarfsaðila 2

odinn@icelandicsaga.is

Nafn samstarfsaðila 3

Atlantic Eagle ehf.

Netfang samstarfsaðila 3

d.raila@isstormur.is

Nafn samstarfsaðila 4

Norðurvindur ehf.

Netfang samstarfsaðila 4

r.tkachuk@isstormur.is

Nafn samstarfsaðila 5

Norðureyri ehf.

Netfang samstarfsaðila 5

odinn@icelandic.is

Nafn samstarfsaðila 6

Flugalda ehf.

Netfang samstarfsaðila 6

hrefnais@simnet.is

Kennitala samstarfsaðila 1

4701972349

Sími samstarfsaðila 1

8946103

Kennitala samstarfsaðila 2

4812993069

Sími samstarfsaðila 2

8922482

Kennitala samstarfsaðila 3

4406191850

Sími samstarfsaðila 3

7712570

Kennitala samstarfsaðila 4

4509190390

Sími samstarfsaðila 4

8642468

Kennitala samstarfsaðila 5

5411032280

Sími samstarfsaðila 5

8922482

Kennitala samstarfsaðila 6

4501952439

Sími samstarfsaðila 6

8926229

Þorskígildi

Magn aflaheimilda er með fyrirvara um úthlutun matvælaráðuneytisins til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

Magn aflamarks í þorskígildistönnum sem sótt er um

Mótframlag í þorskígildistönnum

Annað mótframlag

S.l. ár hefur Vestfiskur Flateyri unnið um 160 tonn af roði og 427 tonn af hryggjum. Á þessu ári er stefnt á að þurrka og/eða frysta á bilinu 550-600 tonn af roði og frysta hryggi eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

Framlag til samfélagsverkefna

Ár hvert hefur Vestfiskur Flateyri tekið á móti nemendum í Lýðskólanum á Flateyri í heimsókn og kynnt þeim fyrirtækið og starfsemi þess. Einnig hefur fyrirtækið reynt að styðja við minni hátíðir í samfélaginu eins og Götuveisluna á Flateyri, íþróttafélög á svæðinu og að sjálfsgöðu Björgunarsveitina Sæbjörgu. Einnig er fyrirtækið að leigja skrifstofurými í Skúrinni sem er samfélagsskrifstofa á Flateyri þar sem fyrirtæki og stofnanir hafa aðstöðu til að sinna sinni vinnu án staðsetningar. Einnig hefur móðurfélagið Klofningur ehf. styrkt ýmiskonar viðburði í byggðarlaginu.

Verkefnislýsing

Vestfiskur Flateyri ehf. var stofnað í mars 2020 eftir að eftirtaldir aðilar gerðu samkomulag við Byggðastofnun vegna sértæks byggðakvóta fyrir fiskveiðiárin 2019-2020, 2020-2021, 2021-2022, 2022-2023, 2023-2024 og 2024-2025. Samstarfsaðilarnir voru ásamt Vestfiski Flateyri ehf., fyrirtækin Klofningur ehf., Aurora Seafood ehf., Fiskvinnslan Íslandssaga hf. og Vestfiskur ehf. Við stofnun félagsins bættust við tveir aðrir samstarfsaðilar, fyrirtækin Atlantic Eagle ehf. og Norðurvindur ehf. Samningurinn snéri að veiðum á bolfiski og sæbjúgum ásamt vinnslu á aukaafurðum úr fiski, þá helst roði og hryggjum bæði til manneldis og fyrir gæludýr. Allur bolfiskur sem félagið myndi veiða færi síðan til vinnslu hjá Fiskvinnslunni Íslandssögu hf. en með þessu átti þetta að geta skapað um 26 störf í það heila í Ísafjarðarbæ og þar af 21 á Flateyri. Fyrstu ár fyrirtækisins voru strembin því nánast við undirritun við Byggðastofnun skall á heimsfaraldur sem hafði langvarandi áhrif á félagið. Samningur sem hafði verið gerður við eiganda húsnæðis á Flateyri undir vinnslu félagsins gengu til baka og dróst það að finna nýtt húsnæði undir starfsemi. Endaði félagið þá á að fjárfesta í Hafnarbakka 8 á Flateyri og fór strax að hefja endurbætur á vinnslurými þess en það tók um ár að klára allar framkvæmdir og hefja vinnslu, en heimsfaraldurinn takmarkaði fjölda iðnaðarmanna og afhendingar aðfanga. Á meðan verið var að standsetja vinnslu félagsins gat félagið hins vegar gert út skipið Tindur ÍS-235 sknr. 2017 sem veiddi bæði bolfisk og sæbjúgu. Í lok árs 2020 standsetti félagið einnig leiguhúsnæði undir nýja starfsemi sem var vinnsla á lambahornum en það var gert til að bregðast við því að geta staðið við þær skuldbindingar sem félagið var búíð að gera við

Byggðastofnun. Þegar leið á samninginn þá fór að halla undan í útgerðinni og var orðið strembið og kostnaðarsamt að manna skip frá Flateyri og veiða þennan sértæka byggðakvóta og sæbjúgu. Markaðsaðstæður vegna þurrkaðra sæbjúgna hafði nánast horfið vegna heimsfaraldursins og gat félagið ekki selt þau sæbjúgu sem það var að vinna. Endaði það með því að öll sæbjúgu sem voru veidd voru fryst og flutt þannig út sem var ekki í samræmi við áætlanir félagsins. Eitthvað varð að gera til að bregðast við slæmu gengi útgerðarinnar og var lagt til við Byggðastofnun að fá inn nýja samstarfsaðilar, þ.e. Norðureyri ehf. og Flugöldu ehf., útgerðarfélög á Suðureyri til að veiða aflamarkið sem félagið fékk úthlutað frá Byggðastofnun. Var þetta samþykkt og hefur það verið þannig s.l. þrjú fiskveiðiár. Með þessari breytingu seldi einn eigandinn sig út úr félaginu, þ.e. Aurora Seafood ehf. en Klofningur ehf. keypti allt hlutafé félagsins í Vestfiski Flateyri. Núverandi vinnsla félagsins á roði, hryggjum og lambhornum skapa árlega 15-18 störf á Flateyri ásamt 5-7 störfum við veiðar og vinnslu á Suðureyri. Einnig skapast 5-6 störf í þrjú mánuði árlega við vinnslu á steinbít á Flateyri. Þrátt fyrir að vinnsla á roði og hryggjum gangi vel, þá hefur markaðs- og söluhlutinn á vörum félagsins gengið hægar en menn vilja, en undanfarin tvö ár hefur félagið verið markvisst í því að koma vörum þess á framfæri. Fyrir um tveimur árum stofnaði félagið sölufyrirtæki í Bandaríkjunum ásamt tveimur Bandarískum fyrirtækjum. Annað fyrirtækið sérhæfir sig í frostþurrkun á gæludýranammi úr svínum, kjúkling, laxi o.fl. sem og pökkun í neytendaumbúðir og er hitt félagið sölufyrirtæki sem er með 26 einstaklinga við störf. Sameiginlega félagið heitir Hundred Ton Fishery og eru markmið þess að tryggja sölu á vörum eigenda þess. Hundred Ton Fishery stofnaði sitt eigið vörumerki árið 2024 sem ber heitið Frozen Coast Fishery. Eru þær vörur til sölu á Amazon en einnig er verið að leggja lokahönd á heimasíðu vörumerkisins og eu bundnar miklar vonir við nýja vörumerkið en ljóst er að þetta er langtímaverkefni. Vestfiskur Flateyri hefur einnig verið að vinna með öðrum erlendum vörumerkjum og framleitt fyrir þau vörur fyrir gæludýr, þá helst í Bandaríkjunum. Markmiðið í sölumálum er að halda áfram þessari uppbyggingu í Bandaríkjunum og gera sig einnig gildandi í Evrópu. Nú þegar er fyrirtækið í samstarfi og er að framleiða vörur fyrir íslenskan framleiðanda og vörumerki sem kallast Gunni?s en það félag selur vörur sínar bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Miðað við þau plön sem Vestfiskur Flateyri hefur gert með samstarfsaðilum sínum, þá er gert ráð fyrir að eftirspurn eftir vörum félagsins eigi eftir að aukast til muna og gera áætlanir ráð fyrir að árið 2030 verði eftirspurnin um 75 tonn á ári. Síðastliðið árið vann Vestfiskur Flateyri um 160 tonn af roði og 427 tonn af hryggjum og er áætlað að árið 2025 muni Vestfiskur Flateyri þurrka og frysta á bilinu 550-600 tonn af roði en óvisst er um hryggjavinnslu vegna markaðsaðstæðna. Á samningstímanum stefnir Vestfiskur Flateyri að viðhalda þeim störfum sem eru til í dag og skapa 2-6 ný störf við vinnslu, sölu og markaðssetningu.

Atvinnusköpun / viðhald starfa

Hvernig mun umsóknin skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum bæði við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í viðkomandi sjávarbyggðum. Áætlid fjölda starfa.

Núverandi vinnsla félagsins á roði, hryggjum og lambhornum skapa árlega 15-18 störf á Flateyri ásamt 5-7 störfum við veiðar og vinnslu á Suðureyri. Einnig skapast 5-6 störf í þrjú mánuði árlega við vinnslu á steinbít á Flateyri. Með áframhaldandi uppbyggingu þá stefnir fyrirtækið á að búa til nýjar vörur úr vinnslu á marningi og öðru sambærilegu hráefni en slík vinnslulína getur skapað 2-4 heils árs störf til viðbótar. Samningar standa yfir um fjárfestingu á slíkri vinnslulínu og tryggð hefur verið sala á þó nokkru magni af vöru úr marningi.

Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið getur stuðlað að stöðugleika í sjávarútvegi í byggðarlaginu

S.l. sex ár hefur sértæki byggðakvótinn búið til stöðugleika í öllu sveitarfélaginu og þá sérstaklega í byggðarkjörnum Flateyri og Suðureyri. Á Flateyri hefur hann náð að skapa og viðhalda 15-18 ársstörfum sem og 5-6 störfum tímabundið á hverju ári. Hefur þetta orðið til þess að nánast enginn einstaklingur er á atvinnuleysisrá á Flateyri en fyrirtækið hefur nánast tekið á móti öllum þeim sem hefur vantar vinnu á Flateyri. Á Suðureyri hefur kvótinn styrkt útgerð og skapað 5-7 störf á sjó og í vinnslu.

Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið getur haft jákvæð áhrif á samfélagið

Fyrir utan þau störf sem skapast í byggðarlaginu þá hefur verkefni líkt og þetta jákvæð áhrif á sjálfbæra nýtingu auðlinda og fullnýtingu hráefnis en nánast allt hráefni sem kemur til Flateyrar er nýtt til verðmætasköpunar. Við markaðssetningu á vörum og vörumerki fyrirtækisins í Bandaríkjunum er mikið stuðst við samfélagið sem varan á uppruna sinn, þ.e. Ísland og Flateyri. Einng nýta önnur vörumerki sér Ísland við markaðssetningu sem getur haft jákvæð áhrif. Með áframhaldandi samningi við Byggðastofnun verður til ákveðinn stöðugleiki og ró á vinnumarkaði og búsetu á Flateyri.

Skilgreina skal mælikvarða á árangur

Að ná að viðhalda og skapa störf verður að teljast góður árangur en með auknu sölu- og markaðsstarfi munu tekjur félagsins aukast og framtíð félagsins vera tryggð.

Reynslu umsækjenda af rekstri og starfsemi í sjávarútvegi

Vestfiskur Flateyri hefur verið í rekstri síðan 2020 og er komin góð reynsla hjá starfsmönnum fyrirtækisins. Eigendur og samstarfsaðilar eru einnig mjög reynslumiklir og hafa verið í rekstri á sjávarútvegsfyrirtækjum í að verða 30 ár. Eigendur móðurfélagsins Klofnings eru meðal annars stærstu fiskvinnslustöðvar á Vestfjörðum og er það vilji þeirra að koma öllum aukaafurðum sínum í sem mesta verðmætaaukningu og atvinnuuppbyggingu er þessi nýsköpun Vestfisk Flateyri liður í því.

Annað

Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri.

Verkefnislýsing er ítarlegri í "word/pdf" skjölunum sem eru í viðhengi. Vinsamlegast lesa annað hvort skjalið til að sjá töflur, gröf og myndir.

Viðhengi

Umsókn Aflamark Flateyri 2025.pdf
(../actions/displayAttachment.aspx?
id=Qp2cy8UlwUmoyjJdmfCX0w)

SkilmálarByggðastofnun áskilur sér rétt til að leita
frekari upplýsinga um starfsemi umsækjanda, til
dæmis hjá viðskiptabanka, Fiskistofu, Skattinum,
Creditinfo og endurskoðanda.

Samþykki skv. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og
vinnslu persónuupplýsinga:

- Umsækjandi samþykkir að Byggðastofnun afli og
vinni með þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar
eru til að fjalla um og greina umsókn.

Eftir atvikum getur Byggðastofnun óskað eftir
upplýsingum um rekstrarsögu forsvarsmanna og
skýrslu um stjórnmalaleg tengsl þeirra frá Creditinfo
með samþykki þeirra.

**Umsækjandi hefur lesið skilmálana og
samþykkir þá**

Viðhengi

Umsókn Aflamark Flateyri 2025.docx
(../actions/displayAttachment.aspx?
id=hBf1gOsu5EK2y74_SkirQw)

Um umsóknina:

Staðfestingarnúmer: 3330 - **Staðfestingarmáti:** Innskráning með umboði - ísland.is -
Dagsetning: 13.3.2025 21:12:23